

## Almennt

Umhverfismál eru almennt ekki málaflokkur sem heyrir undir MAST. Aðrar stofnanir koma að mati á umhverfisáhrifum en skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er MAST þó skylt að veita ákveðna umsögn til Skipulagsstofnunar **ef MAST er leyfisveitandi** í málinu sem um ræðir. Skilyrði er að um sé að ræða framkvæmd sem telst hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs og þarf þar af leiðandi að fara í umhverfismat Athugið að mat á því hvort tiltekin framkvæmd þarf að fara í umhverfismat liggur hjá öðrum stjórnvöldum. Ekki hjá MAST.

MAST er leyfisveitandi t.d. samkv. 6.gr. matvælalaga (starfsleyfi), lögum um fiskeldi (rekstrarleyfi) o.fl.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er gert með tveimur skýrslum og nefnist sú fyrri „frummatsskýrsla“ en sú síðari „matsskýrsla“ sem er þá endanleg skýrsla. Þegar frummatsskýrslan liggur fyrir ber Skipulagsstofnun að senda hana **öllum leyfisveitendum** og óska eftir umsögn þeirra. Eins og fram hefur komið getur MAST verið einn af þeim.

Nákvæmlega er tilgreint í lögum hvað skal felast í umsögn MAST ef ósk berst um slíka umsögn en stofnunin skal:

- gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í frummatsskýrslu um það sem er á starfssviði stofnunarinnar
- gefa álit á því hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir skv. frummatsskýrslu séu fullnægjandi og
- ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.

## Verklag

- Umsagnarbeiðnin berst MAST frá Skipulagsstofnun á mast@mast.is. Skjalastjóri/móttökuritari stofnar nýtt mál með málarnúmerinu „Umsögn vegna frummatsskýrslu Skipulagsstofnunar - *‘heiti fyrirtækis/starfstöðvar’*“. Stofnandi máls tengir aðra starfsmenn við málið, setur inn tímafrest eftir því sem við á og velur viðeigandi svið í Flokkun (sjá einnig LBE-031 um stofnun mála). Málalykill er 0.17 Umsagnir.
  - Ef um frumframleiðslu er að ræða er hlutaðeigandi sérgreinaðýralæknir ábyrgur fyrir umsögninni og semur hana í samráði við héraðsdýralækni ef við á.
  - Ef um matvæla-, fóður- eða fiskeldisfyrirtæki er að ræða er það fagsviðsstjóri viðkomandi málaflokks sem er ábyrgur. Hann semur umsögnina í samráði við sviðsstjóra.
- Í vinnu sinni við umsögnina ber MAST að halda sig við þá löggjöf sem MAST starfar eftir en eigi að síður þarf að lesa frummatsskýrsluna vandlega áður en umsögn er samín.

Ef t.d. er um að ræða stækkun eggjabús þarf fyrst og fremst að taka mið af matvælalögum og dýrasjúkdómalögum en önnur löggjöf gæti líka komið til álita, t.d. lög um velferð dýra.

Dæmi um þætti sem MAST gæti tekið til skoðunar við gerð umsagnar:

- Er fjallað á fullnægjandi hátt í skýrslunni um dýrasjúkdóma og matvælaöryggi?
- Getur starfsemin haft truflandi áhrif á velferð villtra dýra sem lifa í nágrenninu (hávaði, umferð og annað ef t.d. fyrirhuguð starfsemi er í eða nálægt varplandi eða þar sem villt dýr halda til)?
- Getur fyrirhuguð starfsemi haft óheppileg áhrif á velferð og heilsu búfænaðar í nágrenninu?
- Getur hugsanleg mengun frá starfseminni haft óbein áhrif á matvælaöryggi, t.d. vegna mengunar?
- Getu smitsjúkdómar sem starfseminni fylgja (t.d. í fiskeldi) haft áhrif á villta náttúru?

- Mótvægisáðgerðir:

Í frummatsskýrslum eru ætíð tilgreindar mótvægisáðgerðir sem ætlað er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar. MAST þarf í umsögninni að gefa álit á því hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi **að svo miklu leyti sem þær snerta starfssvið stofnunarinnar**. Ef í ljós kemur við lestur á frummatsskýrslu að kanna þarf eitthvað frekar **sem tilheyrir verksviði MAST** ber að tilgreina það og benda jafnframt á mögulegar mótvægisáðgerðir á því sviði.